

Gos í Eyjafjallajökli - staða 30. Apríl 2010 kl. 17.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: *MJR / MTG / FS / GS / SSJ*

Staða byggð á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Mílu og Múlakoti, veðurratsjá og flugi TF-SIF um kl. 15:00.

Gosmökkur:

- Stefna:** Til S-SV frá gosstöðinni, en líklega berst hann ekki langt því vindur er lítill.
- Hæð:** Geindist á veðurratsjá yfir gosstöðvum kl. 15:20 í 2,8 km hæð. Hæð samkvæmt athugun úr flugvél TF-SIF kl. 15:40 var 15–17 þúsund fet.
- Litur:** Ljós (hvít) ský í meiri hæð; dökk grá öskuský sáust neðar og bárust til suðurs.
- Gjóskufall:** Það varð vart við gjóskufall undir Eyjafjöllum í morgun, milli Núps og Skóga (á um 10 km parti). Askan var dökk og fínkorna.
- Eldingar:** Engar eldingar hafa mælst síðan 29. apríl.
- Drunur:** Drunur heyrast frá gosinu.
- Athugasemd:** Um kl. 15:40 sáust hvítir gufubólstrar leggja upp að Gígjökli; bólstrarnir sýna líklega stöðu hraunjaðarins undir jöklinum.

Bræðsluvatn:

Á vefmyndavélum má enn sjá stöðugt rennsli vatns frá Gígjökli vegna hraunrennslisins. Um kl. 05:00 í morgun náði vatn á þrýstiskynjara við Gígjökul í fyrsta sinn síðan hann var settur upp 18. apríl. Þegar mest var fór skynjarinn um á 30 cm dýpi sem þýðir að vatnsborðið í ánni frá Gígjökli hefur hækkað u.þ.b. 130 cm. Flóðtoppurinn sem kom um tveimur og hálfum tíma síðar niður að gömlu brúnni á Markarfljóti var álíka hár og svipaðir toppar hafa verið undanfarna daga. Leiðni í Krossá og Steinholtsá er enn mjög há, um 300 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í Krossá og 160–170 $\mu\text{S}/\text{cm}$ í Steinholtsá. Um kl. 14:00 var áætlað rennsli við brúna um 200 m^3/s . Rennsli frá Gígjökli minnkaði síðdegis. Niðri við Gígjökul leggur gufu af stórum grjóthnullungum sem hafa líllega borist niður frá nýja hraunjaðrinum. Leiðnin í Krossá og Steinholtsá er enn há (sjá nánar í skýrslum frá 28. og 29. apríl).

Aðstæður á gosstað:

Radarmyndir úr TF-SIF sýna að gígurinn innan nyrðri ketilsins hækkar heldur, meðan jökullinn suðvestan við gíginn springur upp og lækkar. Hraun rennur í norðurátt niður að Gígjökli. Ís bráðnar við jaðra hraunsins.

Gosórói: Svipaður og verið hefur undanfarna sjö daga.

Jarðskjálftar: Enginn skjálfti hefur mælst síðan í gær.

GPS-aflögun: Lítil hreyfing inn að miðju fjallsins.

Kvikflæði: Engar athuganir í dag, en talið að heildarflæði sé svipað og undanfarna daga.

Aðrar athugasemdir:

Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta störfum af gasi við Gígjökul.

Heildarmat:

Kvikustreymi og gosmökkur hefur verið með svipuðum hætti og undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Af gufu sem leggur upp af Gígjökli má ráða að hraunið sé komið í hallann til norðurs. Sprengivirknin og öskuframleiðsla er aðeins brot af því sem hún var í byrjun gossins (14. -17. apríl). Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka.